

Nd.

**111. Frumvarp til laga**

[83. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

**1. gr.**

Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert 10. október eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti Íslands ekki tiltekið annan samkomudag fyrir á árinu.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 35. gr. stjórnarskrárinnar segir, að reglulegt Alþingi skuli koma saman ár hvert 15. febrúar eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti lýðveldisins ekki tiltekið annan samkomudag fyrir á árinu. Þessu megi þó breyta með lögum.

Um mörg undanfarin ár hefur samkomudagur reglulegs Alþingis verið ákveðinn með sérstökum lögum samkvæmt heimild stjórnarskrárinnar og hefur reglulegt Alþingi um langt skeið komið saman í október, í seinni tíð oftast 10. október eins og sjá má af eftirfarandi yfirliti:

*Samkomudagur reglulegs Alþingis:*

Árið 1945 .....	1. október.
— 1946 .....	10. —
— 1947 .....	1. —
— 1948 .....	11. —
— 1949 .....	14. nóvember.
— 1950 .....	10. október.
— 1951 .....	1. —
— 1952 .....	1. —
— 1953 .....	1. —
— 1954 .....	9. —
— 1955 .....	8. —
— 1956 .....	10. —
— 1957 .....	10. —
— 1958 .....	10. —
— 1959 .....	20. nóvember.
— 1960 .....	10. október.
— 1961 .....	10. —
— 1962 .....	10. —
— 1963 .....	10. —
— 1964 .....	10. —
— 1965 .....	10. —
— 1966 .....	10. —

Þar sem nokkur hefð hefur myndast um að reglulegt Alþingi komi saman 10. október, er eðlilegt að ákveða þann dag sem samkomudag í stað þess að ákveða samkomudaginn með sérstökum lögum hverju sinni, enda má jafnan breyta þessu aftur með lögum, ef Alþingi virðist ástæða til.